

Rangárþing bs  
Rúnar Guðmundsson  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
02. des. 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. desember 2010  
Tilvísun: UST20101100066/jbw

## Breyting á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Tjaldvatn, Veiðivötnum, Rangárþingi Ytra

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um breytt deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn, Veiðivötnum.

### Markmið deiliskipulagsins

Markmið með gerð deiliskipulagsins er að gera umferð á svæðinu skilvirkari og tryggja verndun náttúru- og menningarminja. Auk þess verður aðstaða veiði-manna bætt með betri og fjölbreyttari gistaðstöðu. Umhverfisstofnun tekur undir áherslur í markmiðinu í ljósi þess að þjónustusvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá og er eitt af vatnsverndarsvæðum Miðhálandisins (sjá nánar síðar).

### Breytingar á gildandi deiliskipulagi, fyrirhuguð mannvirki

Í gildi er deiliskipulag af Veiðivatnasvæðinu dagsett í mars 1998. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur eldra deiliskipulag úr gildi.

Gert er ráð fyrir að byggðir verðir 3 nýir gistiskálar austan við Hestagíg (byggingarreitur B). Starfsmannahús við þjónustumiðstöðina Varðberg verður flutt burtu og austan við Varðberg verður byggð skemma (byggingarreitur A). Norðan við skálann Vindheima er gert ráð fyrir nýju húsi fyrir starfsfólk (byggingarreitur án bókstafs).

### Aðrar skipulagsáætlanir

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er svæðið skilgreint sem skálasvæði.

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem er í breytingaferli, er gert ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag fyrir öll helstu ferðaþjónustusvæði á hálandinu og að þar verði skilgreind frekari uppbygging. Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Veiðivötn er að gera

umferð skilvirkari á svæðinu, að stuðla að sem bestu heildarsamræmi húsa á svæðinu, að tryggja verndun náttúru- og menningarminja, að styrkja aðstöðu veiðimanna sem dvelja á svæðinu og að bjóða uppá meiri, betri og fjölbreyttari gístiaðstöðu í skálum.

### **Náttúruverndarsvæði**

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá, nr. 707, Veiðivötn. Um svæðið segir í náttúruminjaskrá: „(1) Veiðivötn og umhverfi þeirra. Að norðvestan liggja mörk um Vatnaöldur, norður fyrir Hraunvötn og síðan til austurs um Hraunskarð sunnan Svartakambs í Jökulvatn. Tungnaá ræður mörkum að suðaustan og vestan. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki í nálægt 600 m h.y.s. Vinsælt útivistarsvæði “.

Að mati stofnunarinnar getur frekari uppbygging á svæðinu haft bein neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, einkum vegna aukins fjölda ferðamanna og aukinnar umferðar um svæðið. Í þessu sambandi tekur stofnunin undir stefnu deiliskipulagsins sem miðar að því að raska sem minnst svæðinu s.s. að reyna að bæta umgengni fólks um svæðið með merkingu vega og stíga, að halda vegum og slóðum við, hafa góða stjórn á bílaumferð og hvar leggja eigi bílum, að hafa ekki mannvirki á viðkvæmum svæðum á borð við votlendi, gígamyndanir og menningarminjar. Umhverfisstofnunin telur því afar brýnt að forsvarsmenn þjónustusvæðisins taki mið af ágangspoli náttúrunnar við frekari uppbyggingu og tryggi að öll aðstaða og umgengni miði að því að aukinn straumur ferðamanna skaði ekki svæðið. Stofnun telur nauðsynlegt að framkvæmdar verði rannsóknir á þolmörkum svæðisins við Tjaldvatn.

### **Vatnsverndarsvæði**

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 kemur fram að Veiðivatnasvæðið er eitt af vatnsverndarsvæðum Miðhálandisins. Þau svæði ná til gjöfulustu lindasvæða og grannsvæða þeirra. Lindir í Veiðivötnum koma undan hraunum og gjalli og um 15 m<sup>3</sup>/sek. falla þaðan í Vatnakvísl. Umhverfisstofnun bendir á að í svæðisskipulaginu kemur fram að þessi svæði hafa mikla samsvörun við vatnsbólsvæði í byggð sem jafnan njóta ströngustu vatnsverndar.

### **Vatnsveita**

Í greinargerð kemur fram að eitt vatnsból, í læk suðvestur af tjaldsvæðinu, er fyrir allt svæðið og þaðan sé vatni dælt í neysluvatnsgeymi í hlíðinni vestan við og að vatnslögn liggja þaðan að gístiskálum, snyrtihúsi og þjónustumiðstöð.

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að við öflun neysluvatns og frágangi vatnsveitu sé farið eftir kröfum í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnsból falli undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Stofnunin gerir athugasemd við að ekki komi fram í greinargerð hvort að vatnsbólið sé afgirt. Stofnunin minnir á að um vatnsból gilda eftirfarandi ákvæði, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001: „*Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveittunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5*

*metra frá vatnsbóli “.*

### **Umhverfisskýrsla**

Umhverfisstofnun bendir á að í töflu á bls. 8 í umhverfisskýrslu er ekki í öllum tilfellum lagt mat á áhrif eða einkenni áhrifa viðkomandi umhverfisþátta. Sem dæmi um þetta er að ekki eru metin áhrif á landslag og við mat á sjónrænum áhrifum af fjölgun húsa á svæðinu er ekki lagt mat á einkenni áhrifa, það er hvort áhrifin séu talin jákvæð eða neikvæð. Ekki er heldur lagt mat á áhrif frárennslis og annarra mengandi þátta á umhverfið. Að lokum má nefna að í töflunni mætti meta áhrif á votlendi (deiglendi) við Tjaldvatn, jarðmyndanir (gosminjar, gígaraðir og hraun), menningarminjar og verndarsvæði.

### **Ásýnd mannvirkja**

Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif fleiri mannvirkja á svæðinu geti orðið neikvæð sem og áhrif á landslag svæðisins. Stofnunin tekur undir það mat í umhverfisskýrslu að samræmt litaval geti haft jákvæð áhrif þar á, í öllu falli dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum aukinnar uppbyggingar á svæðinu og neikvæðum áhrifum á landslag. Einnig telur stofnunin að aðrir byggingarskilmálar deiliskipulagsins muni draga úr þessum neikvæðu áhrifum, s.s. að fella hús sem best að landi, að samræma stefnu aðalmænis húsa og að samræma byggingarefni húsa. Stofnunin telur þetta vera í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 35. gr., um að við hönnun mannvirkja innan svæðis á náttúruminjasrá skuli gæta þess að þau falli vel að svipmóti landsins.

### **Áhrif jarðrask**

Umhverfisstofnun er ekki sammála því mati í töflu 8 að engin áhrif á lífríki svæðisins verði við fjölgun mannvirkja á svæðinu. Ljóst má vera að við byggingu húsa, lagningu rafmagnsjarðstrengs, vatnlagna, fráveitulagna og rotþróar í jörð verður jarðrask og mun gróður fara forgörðum þar sem hann er til staðar. Það er mat stofnunarinnar að staðbundin neikvæð áhrif verði á náttúrulegan gróður við framkvæmdir. Stofnunin telur mikilvægt að reynt verði að lágmarka rask á gróðri eins og kostur er í ljósi þess að í svo mikilli hæð, 560-600 m h.y.s., er gróður viðkvæmur og framvinda gróðurs hæg. Þar sem gróður raskast, s.s. utan við mannvirki og við niðursetningu lagna og rotþróar í jörð, er mögulegt að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir svæðin. Á gróðursnauðum svæðum er einnig mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að allt jarðrask verði lagfært og fært í fyrra horf.

Umhverfisstofnun telur að ef stefnu deiliskipulagsins verður framfylgt, einkum við vinnu verktaka með stórvirkar vinnuvélar, um að halda öllum framkvæmdum utan við votlendi, jarðmyndanir á yfirborði og menningarminjar, verði áhrif aukinnar uppbyggingar á svæðinu á þessa þætti óveruleg.

### **Mengunarhætta**

#### *Fráveita, skólp*

Umhverfisstofnun bendir á að hætta sé á að grunnvatn og yfirborðsvatn mengist ef ekki er staðið rétt að frárennslismálum. Land undir skálasvæðið hallar í átt að vatninu. Á

skipulagsupprætti kemur fram að 11 rotþrær séu á svæðinu og að öll mannvirki séu tengd rotþró að undanskildum Dvergasteini þar sem ekki er salerni. Einni rotþró verður bætt við, það er við byggingarreit B. Í greinargerðinni kemur fram að veiðifélagið sjái um tæmingu rotþróa og að seyru sé fargað á viðurkenndum förgunarstöðum í byggð. Umhverfistofnun bendir á að afar brýnt sé að farið sé eftir ströngustu kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 enda er Veiðivatnsvæðið eitt af vatnsverndarsvæðum Miðhálandisins. Stofnunin bendir á leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá árinu 2004 um rotþrær og siturlagnir.

### Úrgangur


Hætta er á mengun vatns/grunnvatns vegna úrgangs og er rusl lýti í umhverfinu. Í greinargerð kemur fram að sorpi og fiskúrgangi sé safnað saman á svæðinu og sett í gám sem fluttur er til byggða og fargað á viðurkenndum förgunarstað. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að skipulagsupprætti/í greinargerð kemur ekki fram hvar sorpgámar eru staðsettir né hvernig frágangi þeirra er háttað. Stofnunin bendir á að gámar geta verið lýti í umhverfinu og því sé mikilvægt að þeir falli sem best að landi. Einnig bendir stofnunin á að setja þurfi reglur á þjónustusvæðinu og í stefnu deiliskipulagsins um tíðni tæminga gáma með það í huga að minnka/fyrirbyggja lyktarmengun frá þeim. Í ljósi þess að þjónustusvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá og innan vatnsverndarsvæðis bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að farið sé eftir ströngustu kröfum um meðferð sorps og bendir í því sambandi á reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003. Umhverfisstofnun tekur undir mat á áhrifum annarra umhverfisþátta í töflu á bls. 8.

### Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að deiliskipulagssvæðið við Tjaldvatn og nágrenni þess spillist ekki með auknum fjölda ferðamanna og aukinni bílaumferð um svæðið, aukinni mannvirkjagerð og vegna frárennslis- og úrgangsmála.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn, Veiðivötnum.

Virðingarfyllst

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Jóhanna Björk Weissappel  
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun